



## Krabbameinsfélag Norðausturlands



Minningarkort félagsins fást hjá eftirfarandi aðilum:

María Hermundsóttir, Kópaskeri. S. 465-2170/866-7018

Verslunin Urð, Raufarhöfn. Sími 465-1111

Sigríður Kristín Andrésdóttir, Þórshöfn. Sími 468-1126

Í Ráðgjafabjónustu Krabbameinsfélags Íslands er boðið upp á fræðslu, upplýsingar, ráðgjöf og stuðning við fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur þess. Nánari upplýsingar á [www.krabb.is](http://www.krabb.is) og í síma 800-4040.

## Skeglan í tölvupósti

Hægt er að fá Skegluna senda í tölvupósti um leið og hún er tilbúin, sem er oftast á mánudagskvöldum.

Sendið línu á [skeglan@simnet.is](mailto:skeglan@simnet.is) ef þið viljið vera á póstlistanum.

### Skeglan

**Skeglan** kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið [skeglan@simnet.is](mailto:skeglan@simnet.is) eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 13. janúar 2016.

Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.

# Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni  
1. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 6. janúar 2015



## Frá Ferðafélaginu Norðurslóð:

### Gönguferð í Ásbyrgi

Vegna „árekstrar“ við mikilvægt íbúafing á Kópaskeri hefur verið ákveðið að flýta fyrirhugaðri gönguferð í Ásbyrgi um eina viku.

Farið verður í gönguna næstkomandi sunnudag, þann 10. janúar. Þetta verður göngu- og / eða skíðaferð, allt eftir aðstæðum og áhuga. Hressandi nýársanga til að fagna hækkandi sól.

Ekki þarf að fjölyrða um að Ásbyrgi er ægífagurt allan ársins hring.

Mæting við Gljúfrastofu kl. 13:00.

Ferðafélagið Norðurslóð

## Þorrablót á Kópaskeri 2016

Þorrablótshnefnd 2016 heldur hið árlega þorrablót í Pakkhúsinu á Kópaskeri laugardaginn 23. janúar næstkomandi.

Hvetjum fólk til að skrá sig sem allra fyrst eða í síðasta lagi miðvikudaginn 20. janúar

Dagskrá:

19:00 – Húsið opnar

20:00 – Borðhald hefst

23:30 – Dansleikur



Veislustjórar verða tvíbúrasysturnar Halla og Hildur Óladætur

Hljómsveitin LEGÓ mun leika fyrir dansi

### Verð

Matur og dansleikur 6.800kr

Dansleikur 2.500kr



Miða- og borðapantanir eru í versluninni Skerjakollu á Kópaskeri, bæði á staðnum og í síma: 465-1150.

Allir velkomnir.

Allur ágóði rennur til næsta þorrablótis.

Í lok borðhalds verður tilkynnt ný nefnd fyrir þorrablót 2017.

*Nefndin*

## Vísnaþingur á þorrablótinu á Kópaskeri 2016

Í tilefni blótsins sem verður 23. janúar 2016 á Kópaskeri efnum við til vísnaþingur.

Hér er fyrirpartur birtur og óskað er eftir botni á vísna.

### Sunnudaga létt í lund laumast fram á ganginn

Svona gerir þú :

1. Semur frábæran botn ( að eigin mati )
2. Skrifar hann á blað og setur í umslag
3. Setur annað blað með nafninu þínu á einnig í umslagið en passar að brjóta blaðið þannig saman að nafnið sjáist ekki þegar umslagið er opnað.
4. Stingur umslaginu í þartilgerðan kassa sem verður staðsettur í Skerjakollu næstu tvær vikurnar eða til 18. janúar. Þú mátt semja eins marga botna og þig langar til.

Höfundur fyrirpartsins mun velja besta botninn og kynna úrslit á sjálfu blótinu.

Að sjálfsgöðu eru **verðlaun** í boði

*Nefndin*